



2261. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 9. september 2021 og hófst kl. 16:00.

Mættir stjórnarmenn: Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Orri Hlökkversson, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Mættir varamenn í stjórn: Guðjón Bjarni Hálfðánarson, Jóhann Torfason Þóroddur Hjaltalín.

Mættir fulltrúar landshluta: Björn Friðþjófsson (NL), Jakob Skúlason (VL), Bjarni Ólafur Birkisson (AL) og Tómas Þóroddsson.

Þá tóku Haukur Hinriksson og Kolbrún Arnardóttir lögfræðingar á skrifstofu KSÍ sæti á fundinum undir dagskrárliðum 1 og 4.

Þá tók utanaðkomandi lögmaður KSÍ sæti á fundinum undir dagskrárlið 8.1.

Mættur sviðsstjóri innanlandssviðs: Birkir Sveinsson sem ritaði fundargerð.

-
1. Rætt um aukaping KSÍ sem fram fer 2. október 2021.
 - 1.1 Rætt um framkvæmd þingsins.
 - 1.2 Ákveðið að þingið fari fram á Hilton Hotel Nordica.
 - 1.3 Farið yfir drög að dagskrá þingsins og samþykkt að varaformenn og framkvæmdastjóri komi með lokatillögu að dagskrá.
 2. Rætt um aðkomu ÍSÍ að óháðri skoðun á atburðarás og störfum KSÍ
 - 2.1 Lögð fram tillaga um aðkomu ÍSÍ að óháðri skoðun á atburðarás og störfum KSÍ vegna þeirra mála sem leitt hafa til afsagnar formanns, fyrirhugaðrar afsagnar stjórnar og boðun aukapings KSÍ. *Stjórn KSÍ samþykkir að óska eftir því við framkvæmdastjórn ÍSÍ með tilvísun í 18. grein laga ÍSÍ um eftirlitshlutverk stjórnarinnar með starfsemi sérsambanda, að gerð verði úttekt á atburðarrás sem leiddu til afsagnar formanns og fyrirhugaðrar afsagnar stjórnar KSÍ. Þess er óskað að úttektin og niðurstaða hennar verði unnin eins fljótt og kostur er. Stjórn KSÍ telur æskilegt að úttektinni verði lokið fyrir aukaping KSÍ þann 2. október.*
 3. Lögð fram tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um samningamál leikmanna og félaga. Á fund stjórnar voru mætt þau Haukur Hinriksson og Kolbrún Arnardóttir lögfræðingar og gerðu þau grein fyrir helstu atriðum í reglugerðinni og svöruðu spurningum. *Stjórn KSÍ samþykkir þær reglugerðarbreytingar sem gerð er tillaga um og felur lögfræðingum sambandsins að færa þær inn í núgildandi reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.* Helsta breytingin er réttur kvenna til töku fæðingarorlofs og ákvæði að taka á sig aðrar vinnuskyldur meðan á þungun stendur.
 4. Viðræður við bakhjarla og næstu skref. Farið var yfir þær viðræður sem átt hafa sér stað við bakhjarla KSÍ, en varaformenn og Ragnhildur Skúladóttir, framkvæmdastjóri KSÍ og markaðsstjóri KSÍ hafa tekið þátt í þeim fundum. Markaðsstjóri mun ræða áfram við þess aðila og þá sem ekki hefur unnist tóm til að ræða við.
 5. Afhending verðlauna
Farið yfir verkefnaskiptingu næstu daga.

6. Verkefni landsliða

Rætt um komandi verkefni landsliðanna en framundan eru margir landsleikir, bæði hjá A landsliðum Íslands, U21 karla og yngri landsliðum.

7. Rætt um málsmeðferð stjórnar á aukþingi.

8. Önnur mál

8.1. Lagt var fram erindi lögmanns fyrir hönd skjólstæðings síns þar sem krafist var að stjórn afturkallaði ákvörðun sína frá dags. 29. ágúst 2021 um að draga skjólstæðing hans úr landsliði. Á fundinn mætti utanaðkomandi lögmaður sem fór yfir drög að svarbréfi. Stjórn KSÍ gaf 1. varaformanni umboð til að ganga frá endanlegu orðalagi svarbréfs fyrir hönd stjórnar með lögmanni KSÍ.

8.2 Lagt var fram bréf frá Félagi deildardómara, dagsett 9.9.2021 þar sem skorað á Þórodd Hjaltalín, formann dómaranefndar KSÍ, að gefa kost á sér í stjórn sambandsins í næsta mánuði.

8.3 Þar sem Ásgeir Ásgeirsson hefur sagt sig úr stjórn, vantar formann í Samninga- og félagaskiptanefnd. Stjórn samþykkti að skipa Guðjón Bjarni Hálfðánarson formann nefndarinnar

8.4 Gísli Gíslason greindi stjórn frá því að sérstakur erindreki UEFA, Emily Shaw hafi komið til landsins í vikunni og fór hann yfir helstu atriði frá fundi með henni.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 19.40

Birkir Sveinsson